

Miðvikudaginn 3. júlí 1985.

Nr. 158/1985. **Helga Guðrún Eiríksdóttir og  
Sigríður Björnsdóttir**

gegn

**Sigrúnu Sigfúsdóttur og  
Sigurði Pálssyni**

Kærumál. Löghald. Frávísun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1985, sem barst Hæstarétti 26. júní sl. Þeir krefjast þess, „að löghaldið geti einnig tekið til mögulegra eigna“ varnaraðilja, „eins og krafist er í löghaldsbeiðnini“. Þeir krefjast einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu er gerð krafa um, að kyrrsetning nái fram að ganga. Málið sætir því ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. a lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að dæma sóknaraðilja in solidum til að greiða varnaraðiljum 6.000,00 krónur í kærumálskostnað.

### **D ó m s o r ð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Helga Guðrún Eiríksdóttir og Sigríður Björnsdóttir, greiði in solidum varnaraðiljum, Sigrúnu Sigfúsdóttur og Sigurði Pálssyni, 6.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

*Úrskurður fógetaréttar Árnæssýslu 17. maí 1985.*

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 13. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi, er til komið vegna kröfu Tómasar Gunnarssonar hrl. f.h. Helgu Guðrúnar Eiríksdóttur nnr. 7601-9134, og

Sigríðar Björnsdóttur, nnr. 3896-2663, um, að löghald verði gert í eignum Sigrúnar Sigfúsdóttur, nnr. 7725-8299, og Sigurðar Pálssonar, nnr. 7892-1544, Laufskógum 31, Hveragerði, og Ljósbrá h.f., nnr. 6148-8170, Breiðumörk 25 í Hveragerði, til tryggingar kr. 598.141 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta, 3,75% fyrir hvern byrjaðan mán. af kr. 578.116 frá 8. febr. 1985 til 8. mars 1985 og 4% fyrir hvern byrjaðan mán. frá 8. mars 1985 til 8. okt. 1985 og hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum af kr. 598.141 frá 8. okt. 1985 til greiðsludags. Einnig til tryggingar kostnaði við löghaldsgerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kemur.

Af hálfu gerðarþola er framkominni löghaldsbeiðni mótmælt. Í fyrsta lagi er því mótmælt, að gerðin beinist að þeim Sigurði Pálssyni og Sigrúnu Sigfúsdóttur, en einnig er því andmælt, að gerðin sem slík fari fram. Verði löghald heimilað hins vegar, er þess krafist, að gerðarbeiðendur setji kr. 500.000 í tryggingu í formi peninga eða bankaábyrgðar. Þá er krafist málsvarnarlauna að mati réttarins.

— — —

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðið löghald má gera í eignum Ljósbrár h.f., Breiðumörk 25 í Hveragerði, enda hafi áður verið settar kr. 100.000,00 í tryggingu.

Löghald verður ekki gert í eignum Sigrúnar Sigfúsdóttur og Sigurðar Pálssonar.

Málskostnaður fellur niður.

---